

Nefndarálit

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Jórdaníu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Jóhannsson og Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillöggunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og hasjemíska konungsríkisins Jórdaníu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Markmiðið með gerð þessa fríverslunarsamnings er einkum að tryggja jafnvægi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna í viðskiptum við Jórdaníu en Evrópusambandið og Jórdanía hafa lokið gerð fríverslunarsamnings sín á milli. Gerð samningsins er þáttur í viðleitni til að stuðla að viðskiptatengslum landa norðausturstrandar Miðjarðarhafs og Mið-austurlanda við Evrópu og þróun í átt til fríverslunar um allt þetta svæði.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 12. mars 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir,
form., frsm.

Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Magnús Stefánsson.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.